

2013:14 • 10. september 2013

Fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2013

Quarterly government accounts, 2nd quarter 2013

Samantekt Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um rúma 16 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2013 sem er lakari niðurstaða en á sama tíma 2012 er hún var neikvæð um rúma 14 milljarða króna. Tekjuhallinn nam 3,8% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 8,7% af tekjum hins opinbera. Fyrstu sex mánuði ársins nam tekjuhallinn 2,9% af landsframleiðslu tímabilsins eða 6,8% af tekjum hins opinbera, sem er nokkru meiri halli en á sama tímabili 2012, þegar hann nam 6,3% af tekjum.

Heildartekjur hins opinbera jukust um 3,7% milli 2. ársfjórðungs 2012 og 2013. Tekjuaukningin skýrist fyrst og fremst af auknum sköttum á tekjur og hagnað.

Heildarútgjöld hins opinbera jukust um 4,4% milli 2. ársfjórðungs 2012 og 2013. Sú útgjaldaaukning skýrist aðallega af meiri launakostnaði og fjárfestingu. Magnbreyting samneyslu hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2013 mældist 0,9% en var -2,2% fyrir sama ársfjórðung 2012.

Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.913 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2013 sem samsvarar 109,1% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 864 milljarða króna í lok ársfjórðungsins, en það samsvarar 47,5% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs dróst saman um 61 milljarð króna milli 2. ársfjórðungs 2012 og 2013.

Hið opinbera

Heildartekjur hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2013 jukust um 3,7% frá sama tíma í fyrra

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 187,8 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2013 samanborið við 181,1 milljarð króna á sama tímabili 2012. Skatttekjur og tryggingagjöld skila hinu opinbera 157,8 milljörðum króna samanborið við 151,4 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2012. Fyrstu sex mánuði ársins jukust tekjurnar um 3,5% frá sama tímabili 2012.


Útgjöld jukust um 4,4%

Á 2. ársfjórðungi 2013 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera verði 204,1 milljarðar króna samanborið við 195,5 milljarða króna árið 2012. Aukningin nemur 4,4% milli ára. Samsvarandi aukning fyrstu sex mánuðina er 4,0%. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun, kaup á vöru og þjónustu, félagslegar tilfærslur til heimila og vaxtagjöld. Magnbreyting samneyslu hins opinbera var 0,9% á öðrum ársfjórðungi og er það þriðji ársfjórðungurinn í röð þar sem magnbreytingin er jákvæð. Fyrri helming ársins jókst samneyslan um 1,1% frá sama tíma 2012.



Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs

Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP



Skýringar Notes: 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabanka Íslands á 4. ársfj. 2008 er ekki meðtalin í heildargjöldum og sömuleiðis ekki 55,5 milljarða áfallin ríkisábyrgð á 4. ársfj. 2010. Áfallin ríkisábyrgð fyrir 19 ma.kr. er meðtalin í 4. ársfj. 2011 og einnig ríkisábyrgð fyrir 13 ma.kr. á 4. ársfj. 2012 vegna Íbúðalánasjóðs. The central government debt assumption due to called guarantees of 192 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure and as well 55.5 billion ISK in 4. quarter 2011. Guarantees are included in 4. quarter 2011 for 19 billion ISK and in 4. quarter 2012 for 13 billion ISK.

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 16 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2013

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 16,3 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2013 sem er nokkuð lakari niðurstaða en á sama tíma 2012 er hún var neikvæð um 14,4 milljarða króna. Tekjuhallinn nam 3,8% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 8,7% af tekjum hins opinbera.

Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2012 og 2013

Table 1. General government finances in 2nd quarter 2012 and 2013

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2. ársfjórðungur 2 nd quarter		Breyting Change %	1.–2. ársfjórðungur 1 st –2 nd quarter		Breyting Change %
	2012	2013		2012	2013	
1. Heildartekjur Revenue	181,1	187,8	3,7	359,8	372,5	3,5
2. Heildarútgjöld Expenditure	195,5	204,1	4,4	382,4	397,8	4,0
2.1 Fjárfesting Investment	8,2	9,4	14,2	14,6	16,5	12,6
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	-14,4	-16,3	•	-22,6	-25,3	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Fin. bal. % of revenue	-8,0	-8,7	•	-6,3	-6,8	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF Financial bal. % of GDP	-3,5	-3,8	•	-2,7	-2,9	•

Ríkissjóður

Tekjuhalli ríkissjóðs var 14 milljarður króna á 2. ársfjórðungi 2013

Heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni voru 136,6 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2013 og heildarútgjöld 150,7 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 14,1 milljarð króna á öðrum ársfjórðungi, eða sem nemur 3,3% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs aukist um 3,4% frá sama tíma 2012 og útgjöldin um 4,7%. Tekjujöfnuðurinn er því lakari en á 2. ársfjórðungi 2012 er hann var neikvæður um 11,8 milljarða króna.

Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 2. ársfjórðungi 2012 og 2013

Table 2. Central government finances in 2nd quarter 2012 and 2013

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2. ársfjórðungur 2 nd quarter		Breyting Change %	1.–2. ársfjórðungur 1 st –2 nd quarter		Breyting Change %
	2012	2013		2012	2013	
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	132,1	136,6	3,4	263,2	271,6	3,2
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	143,9	150,7	4,7	281,5	293,9	4,4
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	3,4	4,9	43,2	5,7	8,1	44,0
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-11,8	-14,1	•	-18,3	-22,4	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	-8,9	-10,3	•	-6,9	-8,2	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i>	-2,9	-3,3	•	-2,2	-2,6	•


Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði um 115 milljarði króna eða 84,3% tekna hans. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga, launakostnaður og kaup á vöru og þjónustu umfangsmestu útgjaldaliðirnir. Á fyrri helmingi ársins 2013 eykst fjárfesting um 44%, meðal annars vegna Vaðlaheiðarganga. Magnbreyting samneyslu ríkissjóðs mældist 1,3% á öðrum ársfjórðungi en á sama tíma 2012 var hún -1,7%.

Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur rýrnað um tæpa 61 milljarða króna milli 2. ársfjórðungs 2012 og 2013

Peningalegar eignir ríkissjóðs námu 1.049 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2013 eða sem nemur 61,7% af áætlaðri landsframleiðslu ársins og hafa þær minnkað um 86,1 milljarð króna frá sama ársfjórðungi 2012. Á sama tíma hafa skuldir ríkissjóðs minnkað um 1,3%, en þær námu 1.913 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2013. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu skuldarnar 109,1% á öðrum ársfjórðungi 2013 en voru 114,1% á öðrum ársfjórðungi 2012. Peninglegar eignir umfram skuldir eru því neikvæðar um 864,2 milljarða króna í lok 2. ársfjórðungs 2013 sem nemur 47,5% af vergri landsframleiðslu. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um 47,3% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2012.

Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF

Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP



Sveitarfélög

Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 2 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2013

Heildartekjur sveitarfélaganna á 2. ársfjórðungi 2013 eru áætlaðar 58,4 milljarðar króna og heildarútgjöld 60,5 milljarðar króna. Tekjuhalli ársfjórðungsins er því áætlaður um 2,1 milljarður króna. Þetta er hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2012 þegar tekjuafkoman var neikvæð um 2,7 milljarða króna. Tekjur sveitarfélaga hafa aukist um 4,2% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin um 2,9%.

Þrír fimmtu hlutar tekna sveitarfélaga eru útsvarstekjur

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 35 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2013, eða 60% tekna þeirra. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða 46% útgjaldanna. Kaup á vöru og þjónustu er annar stærsti útgjaldaliðurinn eða 31,3% af heildargjöldum. Magnbreyting samneyslu sveitarfélaga mældist 0,7% á öðrum ársfjórðungi en var -2,5% á sama ársfjórðungi í fyrra.

Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 2. ársfjórðungi 2012 og 2013

Table 3. Local government finances in 2nd quarter 2012 and 2013

Fjárhæðir í milljörðum króna <i>Figures in billion ISK</i>	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>		Breyting <i>Change</i>	1.-2. ársfjórðungur <i>1st-2nd quarter</i>		Breyting <i>Change</i>
	2012	2013		2012	2013	
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	56,0	58,4	4,2	110,4	115,1	4,2
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	58,8	60,5	2,9	114,9	117,9	2,6
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	4,8	4,5	-6,4	9,0	8,3	-7,2
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-2,7	-2,1	•	-4,5	-2,9	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	-4,8	-3,5	•	-4,1	-2,5	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i>	-0,7	-0,5	•	-0,5	-0,3	•

Gagna- og aðferðalýsing

Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Auk mánaðarhefta eru fjárlög notuð við matið. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna eru notuð gögn sem safnað er í gegnum upplýsingaveitu sveitarfélaganna. Veitan er samstarfsverkefni Hagstofunnar, innanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún er vistuð hjá Hagstofu sem jafnframt sér um söfnun gagna frá sveitarfélögunum. Gögnin eru á rekstrargrunni en einnig er stuðst við fjárhagsáætlanir sem sveitarfélögin skila inn í veituna. Mat á fjárfestingu sveitarfélaganna er byggt á fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið í heild

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munurinn á þessum tveimur mælikvörðum er því fólgin í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

English summary

In the 2nd quarter of 2013, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 16.3 billion ISK in deficit or 3.8% of quarterly GDP and 8.7% of general government total revenue. This can be compared with 14.4 billion ISK in deficit in the 2nd quarter of 2012 or 3.5% of GDP in that quarter. The first six months the deficit was 2.9% of GDP of the period and 6.8% of its revenue.

The general government total revenue has increased by 3.7% between the 2nd quarters of 2012 and 2013, or from 181.1 billion ISK to 187.8 billion ISK. This increase can mainly be explained by increased revenue from income taxes. The total expenditure increased at the same time by 4.4%, or from 195.5 billion ISK in 2012 to 204.1 billion ISK in 2013. The main reasons are increase in wages and salaries and interest cost. Comparable figures for the first half of 2013 are 3.5% increase in revenue and 4.0% increase in expenditure from the first half of 2012.

The central government total liabilities at the end of the 2nd quarter 2013 amounted to 1,913 billion ISK or 109.1% of the GDP. Taking account of its financial assets, the net financial assets, i.e. the financial assets less liabilities, was negative by 864 billion ISK or 47.5% of the GDP, compared with a negative net financial asset of 47.3% of the GDP in the same period in 2012. Consequently, the central government net financial asset position has deteriorated by 61 billion ISK between the 2nd quarters 2012 and 2013.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2010–2013

Table 4. Quarterly Government Finances 2010–2013

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildar- tekjur <i>Total revenue</i> (1)	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i> (2)	— þar af fjárfesting <i>— thereof investment</i> (2.1)	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i> (3=1-2)	Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
Híð opinbera <i>The General Government</i>						
2010	637,3	791,9	44,7	-154,6	-24,3	-10,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	153,7	175,0	8,5	-21,3	-13,9	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	156,1	182,3	11,0	-26,2	-16,8	-1,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	165,4	185,8	14,3	-20,4	-12,3	-1,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	162,2	248,9	10,8	-86,7	-53,4	-5,6
2011	681,1	771,8	29,7	-90,7	-13,3	-5,6
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	162,3	174,9	5,6	-12,6	-7,8	-0,8
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	167,2	185,1	7,1	-18,0	-10,7	-1,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	179,3	192,5	8,5	-13,2	-7,4	-0,8
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	172,4	219,2	8,5	-46,9	-27,2	-2,9
2012	740,3	805,6	34,6	-65,3	-8,8	-3,8
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	178,7	186,8	6,4	-8,1	-4,6	-0,5
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	181,1	195,5	8,2	-14,4	-8,0	-0,8
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	192,4	199,1	10,1	-6,7	-3,5	-0,4
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	188,1	224,1	9,9	-36,0	-19,2	-2,1
2013
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	184,7	193,7	7,1	-9,0	-4,9	-0,5
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	187,8	204,1	9,4	-16,3	-8,7	-0,9
Ríkissjóður <i>The Central Government</i>						
2010	470,8	614,4	23,5	-143,6	-30,5	-9,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	112,0	133,9	3,9	-21,9	-19,6	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	115,4	138,6	5,8	-23,2	-20,1	-1,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	123,4	140,6	8,0	-17,2	-13,9	-1,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	119,9	201,3	5,7	-81,4	-67,9	-5,3
2011	495,8	588,4	13,2	-92,6	-18,7	-5,7
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	119,6	130,4	2,0	-10,8	-9,0	-0,7
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	120,7	137,9	3,0	-17,1	-14,2	-1,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	131,1	147,1	3,6	-16,0	-12,2	-1,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	124,4	173,0	4,6	-48,6	-39,1	-3,0
2012	543,6	602,1	14,9	-58,5	-10,8	-3,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	131,1	137,6	2,2	-6,5	-5,0	-0,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	132,1	143,9	3,4	-11,8	-8,9	-0,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	142,6	148,5	4,1	-5,9	-4,1	-0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	137,9	172,1	5,2	-34,3	-24,9	-2,0
2013
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	134,9	143,3	3,2	-8,3	-6,2	-0,5
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	136,6	150,7	4,9	-14,1	-10,3	-0,8

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2010–2013 (frh.)
 Table 4. Quarterly Government Finances 2010–2013 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildar- tekjur <i>Total revenue</i> (1)	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i> (2)	— þar af fjárfesting <i>— thereof investment</i> (2.1)	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i> (3=1-2)	Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
Sveitarfélög The Local Governments						
2010	192,6	205,5	21,2	-12,9	-6,7	-0,8
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	47,7	49,6	4,6	-1,7	-3,5	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,2	51,8	5,2	-4,8	-10,2	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	48,6	51,8	6,3	-3,4	-7,0	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	49,0	52,3	5,1	-3,0	-6,1	-0,2
2011	214,7	219,4	16,5	-4,8	-2,2	-0,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	49,3	52,3	3,6	-3,0	-6,1	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	53,4	55,1	4,0	-1,8	-3,3	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	56,0	56,0	4,9	0,1	0,2	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	56,0	56,0	4,0	-0,1	-0,1	0,0
2012	225,7	233,1	19,7	-7,3	-3,3	-0,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	54,4	56,2	4,2	-1,8	-3,3	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	56,0	58,8	4,8	-2,7	-4,8	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	57,4	58,5	6,0	-1,1	-2,0	-0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	57,9	59,6	4,7	-1,7	-2,9	-0,1
2013
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	56,7	57,5	3,8	-0,8	-1,4	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	58,4	60,5	4,5	-2,1	-3,5	-0,1
Almannatryggingar The Social Security Funds						
2010	142,9	141,0	0,0	2,0	1,4	0,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	36,0	34,4	0,0	1,5	4,3	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	36,0	34,1	0,0	1,9	5,3	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	35,0	34,7	0,0	0,3	0,9	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	35,9	37,8	0,0	-1,8	-5,0	-0,1
2011	160,8	154,2	0,0	6,6	4,1	0,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	36,5	35,2	0,0	1,2	3,4	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	38,6	37,7	0,0	0,9	2,4	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	42,7	40,0	0,0	2,7	6,3	0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	43,1	41,3	0,0	1,8	4,1	0,1
2012	157,9	157,3	0,0	0,5	0,3	0,0
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	38,2	38,0	0,0	0,2	0,4	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	38,3	38,2	0,0	0,1	0,2	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	39,9	39,6	0,0	0,4	0,9	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	41,4	41,5	0,0	-0,1	-0,2	0,0
2013
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	38,8	38,6	0,0	0,2	0,4	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	39,0	39,2	0,0	-0,2	-0,4	0,0

Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2012–2013Table 5. *Quarterly Government Revenue and Expenditure 2012–2013*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2012					2013	
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á <i>Q</i>	
		I	II	III	IV	I	II
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	740,3	178,7	181,1	192,4	188,1	184,7	187,8
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	559,7	136,1	135,8	146,9	140,9	141,6	141,4
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	283,2	68,0	70,3	72,3	72,7	71,9	74,5
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	5,4	1,4	1,4	1,4	1,4	1,5	1,5
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	42,4	10,8	10,5	10,4	10,7	11,1	10,9
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	212,0	52,3	49,2	58,3	52,2	53,6	50,9
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	7,7	1,6	1,9	1,8	2,3	1,4	1,6
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	8,9	2,1	2,5	2,7	1,7	2,1	2,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	64,9	15,4	15,6	16,7	17,2	15,7	16,4
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	3,7	0,8	0,9	1,0	1,0	0,7	0,9
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	112,1	26,4	28,8	27,8	29,0	26,7	29,1
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	805,6	186,8	195,5	199,1	224,1	193,7	204,1
21 Laun <i>Wages</i>	250,7	59,3	63,9	62,4	65,1	62,8	68,1
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	200,7	47,9	50,2	48,7	53,8	49,3	52,2
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	37,1	9,1	9,3	9,3	9,4	9,5	9,5
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	95,8	22,7	22,8	25,0	25,4	23,5	23,6
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	30,5	7,6	7,6	7,3	8,0	7,8	7,8
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	3,8	0,7	1,0	0,9	1,3	0,7	1,0
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	135,3	32,7	32,4	34,8	35,4	32,8	32,6
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	54,2	9,6	9,4	9,9	25,3	9,7	9,4
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	34,6	6,4	8,2	10,1	9,9	7,1	9,4
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-37,1	-9,1	-9,3	-9,3	-9,4	-9,5	-9,5
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-65,3	-8,1	-14,4	-6,7	-36,0	-9,0	-16,3
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-8,8	-4,6	-8,0	-3,5	-19,2	-4,9	-8,7
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-3,8	-0,5	-0,8	-0,4	-2,1	-0,5	-0,9
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	43,6	10,5	10,7	11,3	11,1	10,3	10,5
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	47,4	11,0	11,5	11,7	13,2	10,8	11,4

Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2012–2013
Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2012–2013

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2012					2013	
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á <i>Q</i>	
		I	II	III	IV	I	II
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	543,6	131,1	132,1	142,6	137,9	134,9	136,6
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	394,9	96,9	95,1	104,2	98,7	100,4	98,7
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	148,1	36,2	37,1	37,0	37,9	38,3	39,5
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	5,4	1,4	1,4	1,4	1,4	1,5	1,5
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	13,4	3,6	3,3	3,2	3,4	3,7	3,4
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	211,3	52,1	49,0	58,1	52,1	53,4	50,7
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	7,7	1,6	1,9	1,8	2,3	1,4	1,6
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	8,9	2,1	2,5	2,7	1,7	2,1	2,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	64,9	15,4	15,6	16,7	17,2	15,7	16,4
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	10,7	2,4	2,6	2,8	2,9	2,4	2,6
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	73,1	16,4	18,8	18,9	19,1	16,5	18,9
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	602,1	137,6	143,9	148,5	172,1	143,3	150,7
21 Laun <i>Wages</i>	128,9	30,4	32,9	32,2	33,4	32,4	35,3
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	96,9	22,2	24,1	24,2	26,5	23,1	25,2
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	27,0	6,6	6,8	6,8	6,8	7,0	6,9
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	86,2	20,2	20,4	22,6	23,0	21,3	21,5
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	25,2	6,2	6,3	6,0	6,7	6,5	6,5
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	183,2	43,9	44,6	46,4	48,3	44,5	45,3
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	23,5	5,4	5,7	5,9	6,5	5,2	5,3
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	43,4	6,9	6,6	7,2	22,6	7,0	6,8
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	14,9	2,2	3,4	4,1	5,2	3,2	4,9
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-27,0	-6,6	-6,8	-6,8	-6,8	-7,0	-6,9
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-58,5	-6,5	-11,8	-5,9	-34,3	-8,3	-14,1
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-10,8	-5,0	-8,9	-4,1	-24,9	-6,2	-10,3
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-3,4	-0,4	-0,7	-0,3	-2,0	-0,5	-0,8
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	32,0	7,7	7,8	8,4	8,1	7,5	7,6
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	35,4	8,1	8,5	8,7	10,1	8,0	8,4

Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2012–2013Table 7. *Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2012–2013*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2012					2013	
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á <i>Q</i>	
		I	II	III	IV	I	II
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	225,7	54,4	56,0	57,4	57,9	56,7	58,4
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	164,8	39,2	40,7	42,7	42,2	41,2	42,7
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	135,1	31,8	33,2	35,3	34,8	33,5	35,0
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	29,0	7,2	7,2	7,2	7,2	7,5	7,5
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	0,7	0,2	0,2	0,2	0,1	0,2	0,2
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	24,3	5,7	6,0	6,3	6,4	5,8	6,0
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	36,6	9,4	9,4	8,4	9,4	9,6	9,6
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	233,1	56,2	58,8	58,5	59,6	57,5	60,5
21 Laun <i>Wages</i>	103,8	24,5	26,4	25,8	27,2	25,9	27,8
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	71,9	18,1	18,2	17,3	18,4	18,5	18,9
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	10,1	2,5	2,5	2,6	2,6	2,5	2,6
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	9,6	2,4	2,4	2,4	2,4	2,2	2,2
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	4,9	1,2	1,2	1,2	1,2	1,3	1,3
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,1	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	11,6	2,9	2,9	2,9	2,9	3,0	3,0
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	10,4	2,6	2,6	2,6	2,6	2,5	2,5
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	19,7	4,2	4,8	6,0	4,7	3,8	4,5
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-10,1	-2,5	-2,5	-2,6	-2,6	-2,5	-2,6
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-7,3	-1,8	-2,7	-1,1	-1,7	-0,8	-2,1
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-3,3	-3,3	-4,8	-2,0	-2,9	-1,4	-3,5
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-0,4	-0,1	-0,2	-0,1	-0,1	0,0	-0,1
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	13,3	3,2	3,3	3,4	3,4	3,2	3,3
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	13,7	3,3	3,5	3,4	3,5	3,2	3,4

Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2012–2013
Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2012–2013

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2012					2013	
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á <i>Q</i>	
		I	II	III	IV	I	II
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	157,9	38,2	38,3	39,9	41,4	38,8	39,0
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	155,6	37,6	37,8	39,4	40,8	38,2	38,4
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	2,3	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	157,3	38,0	38,2	39,6	41,5	38,6	39,2
21 Laun <i>Wages</i>	18,0	4,3	4,7	4,5	4,5	4,6	5,0
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	31,8	7,6	8,0	7,3	9,0	7,7	8,1
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,4	0,1	0,1	0,1	0,1	0,0	0,0
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	6,4	1,5	1,5	1,7	1,8	1,5	1,6
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	100,1	24,4	23,9	25,9	26,0	24,6	24,3
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,5	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	0,5	0,2	0,1	0,4	-0,1	0,2	-0,2
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	0,3	0,4	0,2	0,9	-0,2	0,4	-0,4
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	9,3	2,2	2,3	2,4	2,4	2,2	2,2
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	9,3	2,2	2,3	2,3	2,4	2,2	2,2

Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2008–2013Table 9. *Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2008–2013*

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	
	Á Q	Á Q	Á Q	Á Q	Á Q	Ársfj.	Quarters
	IV	IV	IV	IV	IV	I	II
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	959.967	1.055.031	1.043.871	1.148.912	1.104.591	1.109.674	1.048.708
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	183.234	226.312	318.424	533.728	484.410	471.969	408.152
Lánveitingar <i>Loans</i>	477.989	361.278	248.046	146.994	160.679	160.417	165.121
Hlutfafé <i>Shares and other equity</i>	194.802	334.410	343.596	343.296	334.704	335.026	339.762
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	103.942	133.030	133.805	124.894	124.798	142.262	135.673
Skuldir <i>Liabilities</i>	1.198.467	1.566.408	1.629.130	1.865.127	1.934.742	1.957.930	1.912.902
Verðbréf <i>Securities</i>	313.758	546.273	623.953	732.512	792.842	819.935	785.879
Lántökur <i>Loans</i>	622.193	634.177	611.921	735.971	710.115	687.423	677.081
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	304.361	277.802	270.792	288.220	276.843	275.162	266.701
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	317.832	356.375	341.129	447.751	433.272	412.261	410.380
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	231.292	342.911	339.807	345.109	372.999	388.626	388.471
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	31.224	43.047	53.449	51.535	58.786	61.946	61.471
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-238.500	-511.377	-585.259	-716.215	-830.151	-848.256	-864.194
Hlutfall af vergri landsframleiðslu							
% of Gross Domestic Product (GDP)							
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	64,8	70,4	67,9	70,5	67,8	62,1	61,7
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	12,4	15,1	20,7	32,8	29,7	26,4	26,0
Lánveitingar <i>Loans</i>	32,3	24,1	16,1	9,0	9,9	9,0	8,9
Hlutfafé <i>Shares and other equity</i>	13,2	22,3	22,4	21,1	20,6	18,7	19,0
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	7,0	8,9	8,7	7,7	7,7	8,0	7,8
Skuldir <i>Liabilities</i>	81,0	104,6	106,0	114,5	118,8	109,5	109,1
Verðbréf <i>Securities</i>	21,2	36,5	40,6	45,0	48,7	45,8	47,1
Lántökur <i>Loans</i>	42,0	42,3	39,8	45,2	43,6	38,4	37,0
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	20,6	18,5	17,6	17,7	17,0	15,4	15,2
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	21,5	23,8	22,2	27,5	26,6	23,1	21,8
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	15,6	22,9	22,1	21,2	22,9	21,7	21,7
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	2,1	2,9	3,5	3,2	3,6	3,5	3,3
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-16,1	-34,1	-38,1	-44,0	-51,0	-47,4	-47,5

Hagtiðindi Þjóðhagsreikningar
Statistical Series National accounts

98. árg. • 30. tbl.

ISSN 0019-1078

2013:14

ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7Umsjón *Supervision* Hólmfríður S. Sigurðardóttir • holmfridur.sigurdardottir@hagstofa.isSími *Telephone* +(354) 528 1000Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík IcelandÖllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series